

sig ekki fram innan sjö sólarhringa hefur lögregla eða dýralæknir heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað.

Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hunds eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögregla eða dýralæknir heimild til að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og þeim lógað þegar í stað.

Lögregla og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna landbúnaðarfulltrúa kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

5. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 10. nóvember 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um kattahald í sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Kattahald í Árborg sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Allir heimiliskettir í þéttbýli í sveitarfélaginu Árborg skulu skráðir á skrifstofu áhaldahússins á Selfossi eða á þjónustuskrifstofunum á Eyrarbakka og Stokkseyri og þar fær eigandi hans afhenta númeraða plötu með skráningarnúmeri kattarins, sem alltaf skal vera í ól um háls dýrsins.

Greiða skal skráningargjald, sem nemur sannanlegum kostnaði vegna skráningar kattarins.

Árlega skal kattareigandi framvísa vottorði dýralæknis, um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Þá skal, ef óskað er eftir, framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af öðrum sníkjudýrum sem máli skipta.

3. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

4. gr.

Gjald samkvæmt 2. mgr. 2. gr. skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélagið setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rök-

studdum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að láta lóga ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu og kettirnir geymdir í a.m.k. 7 sólarhringa áður en þeim er lógað.

6. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem nú halda heimilisketti skulu skrá þá á framangreindum skrifstofum fyrir 1. desember 1999 og fá þar afhenta númeraða plötu, sbr. ákvæði 2. gr.

Umhverfissráðuneytinu, 10. nóvember 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

Víkurhverfi, stofnanalóðir.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 10. ágúst 1999 samþykkt deiliskipulag sem felur í sér tilfærslu á gæsluvelli og stækkun á skóla og leikskóla.

Deiliskipulagsuppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Austurnes við Baugatanga.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 11. maí 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Skildinganesi. Afmörkuð er íbúðarlóð sem liggur að lóðamörkum Baugatanga 5 og Skildinganess 31 og 33.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 16. nóvember 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.